

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

TILVÍSUN:
Mál nr. 380/2024

VERKNÚMER:
0847016

DAGS.:
2024-05-31

NR.:
1

Bætt nýting gufu til orkuvinnslu í þeistareykjastöð. Athugasemdir við fyrirspurn um matsskyldu.

Tekin hafa verið saman svör við athugasemdum sem bárust vegna fyrirspurnar um matsskyldu frá eftirtöldum aðilum:

- Þingeyjarsveit dags. 1. maí 2024. Umsögn krefst ekki svara.
- Umhverfisstofnun dags. 3. maí 2024. Sjá svör við umsögn í kafla 1.
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 14. maí 2024. Umsögn krefst ekki svara.
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra dags. 22. maí 2024. Umsögn krefst ekki svara.
- Orkustofnun dags. 24. maí 2024. Sjá svör við umsögn í kafla 2.

1 Svör við umsögn UST

Umhverfisstofnun sendi umsögn um matskyldufyrirspurn vegna bættrar nýtingar á gufu til orkuvinnslu í þeistareykjastöð (UST202404-059/R.K.10.05.00). Hér hafa verið teknar saman þær athugasemdir sem krefjast viðbragða framkvæmdaaðila.

1.1 Vatnamál

Athugasemd UST

Í skýrslunni er ekki fjallað um affallsvatn frá virkjuninni og hvort breytingin muni fela í sér losun í vatn.

Svar framkvæmdaaðila

Uppsetning toppvélar á þeistareykjum gerir ráð fyrir að affallsvatn verði undir 0,5 kg/s sem ekki er hægt að nýta frekar. Gert er ráð fyrir að því vatni verði veitt í svelgholu.

Umhverfisstofnun bendir einnig á mikilvægi þess að framkvæmdin sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Framkvæmdaraðili gerir ekki ráð fyrir aukinni losun vatns við rekstur toppvélar fyrir utan það affallsvatn sem nefnt er í svari á undan. Ekki er heldur gert ráð fyrir aukinni vatnstöku. Framkvæmdaaðili telur því ekki þörf á því að skoða áhrif á vatnsvernd eða vatnshlot frekar.



1.2 Starfsleyfi

Athugasemd UST

Umhverfisstofnun vill benda á að ekki hefur verið haft samband við stofnunina vegna þess starfsleyfis og að ekki eru gefnir út viðaukar við starfsleyfi annarra leyfisveitanda/stjórnvalda. Jafnframt vill stofnunin fá betri útskýringu á niðurstöðu framkvæmdaraðila um að uppsetning toppvélar og safnæða frá vinnsluholum leiði til starfsleyfisskyldu skv. tl. 6.9 viðauka I í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Svar framkvæmdaaðila

Ekki er gert ráð fyrir að uppsetning og rekstur toppvélar og safnæða leiði til starfsleyfisskyldu skv. tl. 6.9 viðauka í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti mengunarvarna. Um var að ræða innsláttarvillu í tilkynningu enda á framangreindur töluliður ekki við fyrirhugaða framkvæmd. Uppfæra þarf núverandi starfsleyfi Þeistareykjastöðvar með tilliti til bættrar nýtingar stöðvarinnar til raforkuvinnslu. Núverandi starfsleyfi Þeistareykjastöðvar er gefið út af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, reglugerðar nr. 785/1999 og reglugerðar nr. 797/1999.

1.3 Friðlýsingar og náttúruvernd

Athugasemd UST

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka og hella við framkvæmdina.

Svar framkvæmdaaðila

Tekið hefur verið tillit til verndaðra svæða við val á staðsetningu toppvélar sem miðast við að lágmarka umhverfisáhrif. Núverandi framkvæmdasvæði er utan slíkra svæða.

1.4 Friðlýsing æðaplanta

Athugasemd UST

Umhverfisstofnun bendir á að í skýrslunni „Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025“ kemur fram að á jarðhitasvæðinu á Þeistareykjum megi finna æðplöntuna Naðurtungu *Ophioglossum azoricum*, en hún er friðuð og nýtur verndar skv. auglýsingu um friðun æðplantna, mosa og fléttna nr. 1385/2021 í samræmi við 56. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að ef friðuðum plöntum er raskað er nauðsynlegt að flytja plönturnar á aðra staði, jafnvel þar sem hinar friðuðu tegundir er að finna, byggja þær upp og vernda í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Svar framkvæmdaaðila

Tekið hefur verið tillit til verndaðra svæða við val á staðsetningu toppvélar sem miðast af því að lágmarka áhrif. Núverandi framkvæmdasvæði er utan slíkra svæða.

Plantan Naðurtunga sem UST bendir á að geti verið við Þeistareyki vex helst í fjallahveravist eða móahveravist en vistgerð sem raskast við fyrirhugaðar framkvæmdir er aðeins fjalldrapamóavist. Framkvæmdaraðili vill einnig benda á að Ní gerir ekki athugasemd við þetta.

2 Svör við umsögn OS

Orkustofnun sendi umsögn um matskyldufyrirspurn vegna bættrar nýtingar á gufu til orkuvinnslu í Þeistareykjastöð (OS2024040032/Skjalanr: 418338). Hér hafa verið teknar saman þær athugasemdir sem krefjast viðbragða framkvæmdaaðila.



2.1 Virkjunarleyfi og Rammaáætlun

Athugasemd OS

Við útgáfu virkjunarleyfa hefur Orkustofnun jafnan miðað við heildarframleiðslugetu uppsettra véla, fremur en ástimplað afl. Miðað við þá nálgun ættu þau 8 MW sem hægt er að bæta við með yfirkeyrslu vélasamstæðanna á þeistareykjum að bætast við það heildarafl sem Landsvirkjun reiknar með í greinargerð. Þá yrði heildaraflíð 217,9 MW, og væri framkvæmdin þá í flokki A skv. viðauka 1 við lögin um umhverfismat og væri matsskyld en ekki tilkynningaskyld. Orkustofnun telur að rökstyðja þurfi betur hvernig heildarafl fyrirhugaðrar stækkunar virkjunar sé reiknað til að skýra hvort framkvæmdin falli í A-flokk eða B-flokk í viðauka 1 við áðurnefnd lög.

Svar framkvæmdaaðila

Landsvirkjun hyggst í heildina reisa allt að 209,9 MW_e jarðvarmavirkjun á þeistareykjum eins og fram kemur í tilkynningu og markast heildarvinnsla við þau mörk hvernig svo sem rekstri einstakra vélasamstæða verður háttáð. Er þar gert ráð fyrir fjórum 45 MW_e eimsvalavélum (180 MW_e) ásamt toppvél allt að 29,9 MW_e. Landsvirkjun hefur, til þess að geta átt möguleika á yfirkeyrslu, sótt um virkjunarleyfi fyrir 50 MW_e fyrir hverja vélasamstæðu í takt við þá nálgun sem Orkustofnun fer yfir í umsögn sinni. Haldið verður áfram að fjölga eimsvalavélum með sama hætti og hingað til þar sem svæðið er byggt upp í varfærunum skrefum og aukin reynsla og þekking afað um hvernig best megi reka jarðvarmavirkjun á svæðinu.

Enn sem komið er hefur engin ákvörðun verið tekin um fjórðu vélasamstæðuna og hvað mat á umhverfisáhrifum varðar markast heildarvinnsla við 209,9 MW_e. Ef fyrirtækið telur næga vissu liggja fyrir um afkastagetu auðlindar til reksturs fjórðu vélasamstæðu auk toppvélar umfram 209,9 MW_e þá verður það tilkynnt sérstaklega sé talið að auðlindin geti að staðaldri staðið undir slíku. Enn sem komið er telur Landsvirkjun það ótímabæra umræðu þar sem afa þarf aukinnar þekkingar áður en unnt er að leggja mat á það að og telur þar af leiðandi ekki ástæðu til að leggja mat á hvort svo getið orðið. Eins og upphafleg matskýrsla gerir ráð fyrir þá nálgast Landsvirkjun málið með þeim hætti að byggja upp einstaka vélasamstæður í takt við þær upplýsingar sem liggja fyrir hverju sinni. Eins og staðan er nú er ekki talin næg víska til að fara umfram 209,9 MW_e í rafafli hvað umhverfismat varðar eins og gert er í tilkynningu.

2.2 Rammaáætlun

Athugasemd OS

Þá vekur Orkustofnun athygli á að skv. lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun falla stækkanir á virkjunum ekki undir áætlunina nema „stækkunin feli í sér að svæði sem ekki hefur verið raskað af viðkomandi virkjun verði raskað að mati Orkustofnunar. Stofnunin skal leita umsagna Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands áður en hún tekur ákvörðun samkvæmt ákvæði þessu.“

Svar framkvæmdaaðila

Þeistareykir eru í nýtingarflokki í rammaáætlun til allt að 270 MW_e þó umhverfismat hafi markast við 200 MW_e í rafafli. Skilgreining á aflgetu orkukostsins í rammaáætlun er því ekki takmarkandi þáttur hvað þetta varðar.

Virðingarfyllst, f.h. Verkís hf.

Anna Ingvarsdóttir

Anna Ingvarsdóttir

Efnaverkfræðingur